



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 591

Hárgreiðslustofan Valhöll

Pálína Sigurbergisdóttir, hárgreiðslumeistari

(1940-

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 591

Hárgreiðslustofan Valhöll
Pálína Sigurbergsdóttir, hárgreiðslumeistari
(1940-)

Formáli

Pálína Sigurbergsdóttir er fædd 9. desember 1940. Hún lauk sveinsprófi í hárgreiðslu 1959 og fékk meistararéttindi 1963.

Pálína opnaði hárgreiðslustofu ásamt Sólveigu Halldórsdóttur 1958, sem þær nefndu Tjarnarstofuna, en hún var staðsett að Tjarnargötu 10. Stofan gekk mjög vel og um tíma unnu þar 10 stúlkur. 1965 keyptu þær Pálína og Sólveig hárgreiðslustofuna Blæösp sem var í Kjörgarði á Laugavegi 59 og ráku þær þessar tvær stofur saman. Árið 1966 keyptu þær svo hárgreiðslustofuna Valhöll sem var á Laugavegi 25. Þetta var hárgreiðslustofa í stóru og góðu húsnæði með nýjum og góðum tækjum. Árið 1969 slitu þær Pálína og Sólveig sameiginlegum rekstri. Pálína rak áfram Valhöll, en Sólveig Blæösp. Árið 1976 keypti Pálína húsnæði að Óðinsgötu 2 og flutti hárgreiðslustofuna Valhöll þangað.

Pálína gekk í Hárgreiðslumeistarafélag Íslands, sat í stjórn þess og var um tíma formaður. Sat í mörgum nefndum á vegum félagsins, svo sem samninganefnd, verðlagsnefnd, fræðslunefnd og sveinsprófsnefnd. Hún var um tíma prófdómari í sveinsprófum í lðnskólanum í Reykjavík. Var í Intercoiffure á Íslandi og sat í stjórn þess um tíma.

Pálína hætti að starfa við hárgreiðslu 1990 og leigði þá stofuna þar til hún seldi hana 1997, tveimur fyrrverandi nemendum sínum. Stofan er ennþá starfsrækt að Óðinsgötu 2 undir nafninu Valhöll.

(Heimild: Formáli kemur frá Pálinu Sigurbergsdóttur).

Afhending: Pálína Sigurbergsdóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn sitt 31. mars 2016.

Innihald: Bréf, skírteini, námssamningar, ræður og erindi, bókhald, ljósmyndir, úrklippur o.fl.

Tími: 1954-1991

Skjalaskrá

Bréfa- og málafn

Askja 1

Bréfa- og málafn 1959-1991.

Örk 1

Formáli fyrir skjalasafninu frá Pálinu Sigurbergsdóttur.

Yfirlit yfir gögn sem komu með safninu.

Listi yfir nemendur sem hafa lokið sveinsprófi hjá Pálínu Sigurbergsdóttur og Sólveigu Halldórsdóttur, 1960-1971.

Listi yfir nemendur sem hafa lokið sveinsprófi hjá Pálínu Sigurbergsdóttur, 1969-1990.

Verslunarráð Íslands. Bréf þar sem umsókn hárgreiðslustofunnar Valhallar h.f. um inngöngu í Verslunarráð Íslands hefur verið samþykkt, 19. ágúst 1976.

Bréf þar sem eigendur húseignarinnar Óðinsgata 2 samþykkja að hárgreiðslustofa sé rekin í húsinu, 21. september 1976.

Borgarlæknir. Heilbrigðismálaráð samþykkir leyfi til að reka hárgreiðslustofu í húseigninni Óðinsgötu 2, 24. september 1976.

Menntamálaráðuneytið. Ráðuneytið skipar Pálínu Sigurbergsdóttur meðprófdómara í hárgreiðslu við Iðnskóla Reykjavíkur skólaárið 1980-1981, 4. desember 1980.

Iðnfræðsluráð skipar Pálínu Sigurbergsdóttur í sveinsprófsnefnd í hárgreiðslu, 31. mars 1981.

Afrit af skipunarbréfi sveinsprófsnefndar, 1. apríl 1981.

Valhöll hárgreiðslustofa. Bréf til viðskiptavina þar sem Pálína Sigurbergsdóttir segist hætta störfum og Kristín Sigurbjörnsdóttir taki við stofunni, líklega í ágúst 1990.

Vottorð á ensku um að Pálína hafi verið með eigin hárgreiðslustofu um margra ára skeið o.fl., án árs.

Ávarp, flutt af Pálínu Sigurbergsdóttur formanni Meistarafélagsins, á Galakvöldi eftir Norðurlanda-keppnina í Kaupmannahöfn 1973.

Erindi flutt af Pálínu Sigurbergsdóttur á fundi með starfsfólki hennar, eftir námskeið sem hún fór á til Kaupmannahafnar hjá fyrirtækinu Wella, 1973.

Ávarp flutt af Pálínu Sigurbergsdóttur á árs hátíð hjá hárskerameisturum 1975. Þá var Pálína formaður Hárgreiðslumeistarafélagsins.

Erindi flutt af Pálínu Sigurbergsdóttur á fundi með félagskonum á Álftanesi, 1986.

Þakkarkort frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, án árs.

Náms- og verðlaunaskjöl 1983-1989 eru í örk 1 í öskju 3.

Örk 2

Tjarnarstofan, 1959-1977.

Tjarnarstofan opnuð, umslag með heillaóskakortum, 15. október 1959.

Tímaskrár Tjarnarhárgreiðslustofunnar- Tjarnargötu 10, 15. október 1959 til 27. janúar 1960, bók.

Tímaskrár laus blöð, 1974-1977 og án árs.

Auglýsing um að Tjarnarstofan flytji að Laugavegi 25 og starfi undir nafninu Valhöll.

Vinnuveitendasamband Íslands- Hárgreiðslumeistarafélag Íslands. Kaup hárgreiðslusveina og nema, 1. apríl 1974.

Námssamningar 1960-1990.

Námssamningur. Meistari Pálína Þ. Sigurbergsdóttir, nemandi Anna Hulda Óskarsdóttir, 1966-1969.

Námssamningur. Meistari Pálína Þ. Sigurbergsdóttir, nemandi Halla Hjaltsted, 1974-1977.

Námssamningur. Meistari Sólveig B. Halldórsdóttir, nemandi Málfríður Haraldsdóttir, 1962-1965.

Námssamningur. Meistari Sólveig Halldórsdóttir, nemandi Helga Stefanía Haraldsdóttir, 1967-1970.

Námssamningur. Meistari Sólveig Halldórsdóttir, nemandi Valdís Valdemarsdóttir, 1968-1991.

Námssamningur. Meistari Sólveig Halldórsdóttir, nemandi Nína Björg Ragnarsdóttir, 1965-1968.

Námssamningur. Meistari Sigríður Birna Bjarnadóttir, nemandi Guðrún Egilsdóttir, 1964-1967, tveir samningar.

Námssamningur. Meistari Guðrún Marteinsdóttir, nemandi Björg Kolka Haraldsdóttir, 1960-1963.

Námssamningur. Meistari Pálína Sigurbergsdóttir, nemandi Guðbjörg Hermannsdóttir, 26. maí 1986.

Námssamningur. Meistari Pálína Sigurbergsdóttir, nemandi Eydís Eypórsdóttir, 1987-1990.

Örk 3

Hárgreiðslustofan Valhöll, 1976-1986.

Auglýsing um að hárgreiðslustofan Valhöll flytji að Óðinsgötu 2, 1976.

Umslag með heillasóskakortum, 25. september 1976.

Hárgreiðslustofan Valhöll flytur. Útprintun úr *Morgunblaðinu*, 5. október 1976.

Umslag. Valhöll- Óðinsgötu, heillaóskakort, 2. desember 1986.

Umslag. Ljósmyndir frá opnun Valhallar eftir breytingar, 1986.

Valhöll endurnýjuð. Útprintun úr *Morgunblaðinu*, 16. desember 1986, bls. 5.

Mappa. Teikningar af breytingum, 1986.

Nafnspjöld

Reikningseyðublað frá Valhöll.

Vertu velkomin í Valhöll, auglýsing.

Vertu velkomin í Valhöll, auglýsingabæklingur.
Auglýsing frá hárgreiðslustofunni Valhöll, án árs.

Örk 4

Verðskrár 1961-1989.

Dýrt lokkaflóð- verðlag á hárgreiðslustofum kannað, blaðaúrklippa úr DV, 14. september 1987 bls. 12.
Verðkönnun Verðlagsstofnunar, blað, 23. tbl. 8. árg. 1988.

Örk 5

Námskeið 1973-1975.

Bréf frá Hárgreiðslumeistarafélagi Íslands, 21. apríl 1975. Námskeið verður haldið í lðnskólanum í Reykjavík 26.-29. maí, kennarar eru Pia og Lause Möller.

Námskeið í Kaupmannahöfn, dagskrá og námskeiðsgögn, 25.-26. nóvember 1973.

Örk 6

Intercoiffure Ísland. 1983-1989.

Ræða flutt á árhátíð ICD, líklega af Pálinu Sigurbergsdóttur, 1985.

Rio de Janeiro, Congres Nondial Intercoiffure, dagskrá og ferðaupplýsingar, 16-19. apríl 1983.

Bréf frá Flugleiðum vegna móts hárgreiðslumeistara, 1984.

Dagskrá á sýningu, 1985.

Intercoiffure ráðstefna. Bréf, dagskrár, auglýsing, nafnalisti, kostnaðaráætlun, matseðill o.fl., 12.-17. júní 1986.

Dagskrá á sýningu, 1987.

Tilgangurinn með 4ralaufasmára táknuinu. Útlistun á hugtakinu fyrir hárgreiðslufagið, án árs.

Intercoiffure, bæklingur, án árs.

Iðnaðurinn: Fréttabréf Landsambands iðnaðarmanna, febrúar 1989.

Bókhald vegna sýninga o.fl.

Örk 7

Hárgreiðslumeistarafélagið 60 ára, 1991.

Lög og félagatal, 1987.

Hárglóð, Hárgreiðslumeistarafélag Íslands sextíu ára, blað, 1991.

Stimpill frá hárgreiðslustofunni Valhöll.

Askja með stimpli og stimpilbúða frá hárgreiðslustofunni Valhöll.

Prentað mál, bókhald og ljósmyndir

Askja 2

Prentað mál, bókhald og ljósmyndir 1954-1987.

Wella- Halldór Jónsson Ltd. *Norðurlandameistaramót í hárgreiðslu og hárskurði,* bæklingur 1977.

SHHM, sýningarskrár, 2. febrúar og 21. nóvember 1982.

Ingrid. *How to handle Long Hair: 11 Styles from 1 Setting,* Book 1 1954.

Iðnskólaútgáfan í Reykjavík. *Helztu undirstöðuatriði hársnyrtingar: Vatnslíðun,* 1963.

La Coiffure de Paris, blað, febrúar 1968.

La Coiffure de Paris, blað, október 1971.

Coiffure de Paris, blað, 1975.

Daniel Galvin. *The World of Hair Color,* bók, 1976.

Coiffure de Paris, blað, 1977

Coiffure de Paris, blað, 1979.

Coiffure de Paris, blað, án árs.

Pivot-Point. *14 Popular Hair Styles,* án árs.

Reception, blað, án árs.

Bókhald

Tjarnarstofan, bókhaldsbók, 3. janúar til 31. desember 1961.

Líklega Tjarnarstofan, bókhaldsbók, 26. janúar til 31. desember 1962.

Ljósmyndir

Umslag 1

Ljósmyndir teknar þegar hárgreiðslustofan Valhöll var opnuð eftir flutning frá Laugavegi 25 að Óðinsgötu 2, 1976.

Umslag 2

Ljósmynd, Pálína með stúlkunum sem unnu hjá henni 1987. Frá vinstri: Sigrún, Helga, Pálína, Kristín og Guðbjörg.

Umslag 3

Ljósmyndir teknar á hárgreiðslustofunni Valhöll þegar tískublaðið Stíll tók viðtal við Pálínu, án árs.

Umslag 4

Ljósmyndir, hárgreiðslumódel. Á þrjár myndir er ritað: Palla (Pálína Sigurbergsdóttir) 1986 og á eina er ritað: Hárgreiðslusýning á Intercoiffure þingi í Svíþjóð, Pálína er á miðri myndinni að greiða módeli, 1984.

Örk 1

Ljósmynd, módel, án árs.

Ljósmyndaalbúm, skírteini og úrklippur

Askja 3

Ljósmyndaalbúm, skírteini og úrklippur 1959-1989.

Ljósmyndaalbúm 1959-1976.

Myndir frá því er Palla (Pálína Sigurbergsdóttir) tekur sveinspróf 1959. Einnig myndir frá Tjarnargötu 10, Laugavegi 25, árhátíðum, hárgreiðslusýningum og keppnum o.fl.

Ljósmyndaalbúm 1978-1986

Myndir frá hárgreiðslusýningum og keppnum, Intercoiffure þingum o.fl.

Örk 1

Náms- og verðlaunaskjöl 1983-1989, sjá einnig færslu í öskju 1 örk 1.

Congresso Mundial Intercoiffure I.C.D. Brasil. Diploma: Conferido A fyrir Pálínu Sigurbergsdóttur, 16.-19. apríl 1983, skjal.

Design Forum. Awards for the Successful Competition of Design Forum 234 fyrir Pálínu Sigurbergsdóttur, 18. nóvember 1986, skjal.

Certificate of Merit. Presented to líklega Pálínu Sigurbergsdóttur, in Recognition of Participation in the Workshop, Demonstrating Professional Commitment Through Continuing Education, *Midvest Beauty Show*, Chicago, Illinois, 21 mars 1989, skjal.

Wella Diplom fyrir Pálínu Sigurbergsdóttur, 1989, skjal.

Pivot- Point. Awards líklega fyrir Pálínu Sigurbergsdóttur, for their Active Participation at a Pivot Point Clipper Seminar/ Workshop, án árs, skjal.

System Professional Chefseminar Diplom fyrir Pálínu Sigurbergsdóttur, án árs, skjal.

Úrklippubók 1973-1988.

Úrklippur úr blöðum og tímaritum, auglýsingar frá hárgreiðslustofunni Valhöll, erlent samstarf og sýningar, hárgreiðslusýningar á Íslandi o.fl.

Skráð í maí 2016
Gréta Björg Sörensdóttir